

# Húsnæðisnefnd

Þannig lagt fyrir  
bæjarstjórn 29.06.2006.

## Stjórnskipuleg staða

Nefndin heyrir undir bæjarstjórn.

Nefndin starfar á **almennu sviði**, sem er undir stjórn **bæjarstjóra**. Nefndin skal hafa náð samstarf við starfsfólk félags- og skólabjónustu Snæfellinga þegar það á við.

## Skipan nefndarinnar

Í húsnæðisnefnd eiga sæti **þrjú fulltrúar**. Bæjarstjórn kýs þrjú fulltrúa til fjögurra ára, að afloknum sveitarstjórnarkosningum skv. ákvæðum **sveitarstjórnarlaga, laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, laga um húsaleigunefndir og samþykktar um stjórn og fundarsköp Stykkishólmsbæjar**. Á sama hátt eru kjörnir þrjú fulltrúar til vara. Bæjarstjóri á rétt á að sitja fundi nefndarinnar, með málfrelsi og tillögurétt.

Nefndin kýs formann, hafi hann ekki verið skipaður af bæjarstjórn, og ritara nefndarinnar á fyrsta fundi sínum.

## Hlutverk

Hlutverk nefndarinnar er:

- að vera bæjarstjórn til ráðgjafar í húsnæðismálum,
- að gera tillögur til bæjarstjórnar um markmið í húsnæðismálum sveitarfélagsins,
- að hafa eftirlit með því að samþykkt markmið bæjarstjórnar í þessum málaflokkum nái fram að ganga,
- að fylgjast með framkvæmd húsnæðis- og húsaleigumála í bæjarfélaginu og hafa umsjón með útleigu íbúðarhúsnæðis á vegum Stykkishólmsbæjar.
- að gangast fyrir reglubundinni könnun á húsnæðisþörf,
- að gera tillögur um úrbætur á því sviði sem undir hana heyrir.

Húsnæðisnefnd gerir tillögur til bæjarstjórnar um fjárhagsáætlun vegna þeirrar starfsemi sem undir hana heyrir. Nefndin skal jafnframt hafa eftirlit með því að starfsemin sé innan ramma samþykkrar fjárhagsáætlunar á hverjum tíma.

## Starfshættir

Um starfshætti nefnda er sérstaklega getið í IV. kafla **samþykktar um stjórn og fundarsköp Stykkishólmsbæjar** og skal þeim fylgt eftir því sem við á.

Húsnæðisnefnd kemur saman fyrir **luktum dyrum**. Nefndin skal leggja drög að fundaplani sínu að höfðu samráði við bærarstjóra.

Nefndin skal halda **gerðarbók**. Kjörinn eða ráðinn ritari færir fundargerð í gerðabókina. Í gerðabók skal skrá **hvar og hvenær** fundur er haldinn, **hverjir** sitja hann og **hvenær honum lýkur**. Skrá skal **einstök mál**, sem tekin eru fyrir á fundinum, **hvenær þau komu til, nöfn** hlutaðeigandi, **meginefni og afgreiðslu** nefndarinnar. Í lok fundar skal ritari **lesa fundargerðina** upp og allir viðstaddir **undirrita hana**. Fundargerðum kemur formaður nefndarinnar til ritara bærarstjóra sem hefur umsjón með frágangi og ritvinnslu fundargerðarinnar og leggur hana fram með dagskrá næsta bærarstjórnarfundar. Ritari sendir fundarmönnum afrit af fundargerð nefndarinnar ásamt afgreiðslu bærarstjórnar.

Nefndarformaður sér um boðun funda í samráði við ritara bærarstjóra. Fundarboðun skal vera **skrifleg og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá**. Fundarboð skal sent nefndarmönnum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en **tveimur sólarhringum fyrir fund**.

Nefndarformaður stýrir fundum nefndarinnar skv. ákvæðum IV. kafla samþykktar um stjórn og fundarsköp Stykkishólmsbæjar.

Fundur telst ályktunarhæfur **ef meirihluti nefndarinnar er mættur** á fund. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu með og á móti.

## Eftirfylgni

Nefndarformaður og aðrir nefndarmenn skulu **snúa sér til bærarstjóra** með eftirfylgni staðfesta samþykka nefndarinnar.

## Réttindi og skyldur nefndarmanna

Um réttindi og skyldur nefndarmanna gilda ákvæði *sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp Stykkishólmsbæjar eftir atvikum*.

Nefndarmanni er skylt að **sækja fundi** nema lögmæt forföll hamli. Skal hann boða staðgengil sinn og láta formann nefndarinnar vita um forföll með góðum fyrirvara.

Hver nefndarmaður á rétt á að **koma máli á dagskrá fundar**, enda skilar hann efni þess til nefndarformanns og/eða bærarstjóra a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Fundarmenn skulu **hafa hag bæjarfélagsins að leiðarljósi** við nefndarstörf sín en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og *samþykktum um stjórn og fundarsköp Stykkishólmsbæjar* í atkvæðagreiðslu um málefni á vegum nefndarinnar.

Fundarmenn eru bundnir **þagnarskyldu** vegna mála, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir nefndina og ætla má að eigi leynt að fara skv. eðli máls, lögum eða samþykkt 2/3 nefndarmanna, hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni.

Nefndarmaður skal **víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan**, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn svo mjög að ætla má að það móti afstöðu hans að einhverju leyti. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann víkur af fundi.

## **Lög og reglugerðir**

Í störfum sínum skal nefndin taka mið af þeim *lögum og reglugerðum*, sem undir starfssvið hennar heyrir, sérstaklega þó lög sem um *Íbúðalánasjóð, varasjóð húsnæðismála og húsaleigusamninga* gilda hverju sinni. Þá skal nefndin fylgja *samþykkt um stjórn og fundarsköp Stykkishólmsbæjar*.